

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis v/Austurstræti
101 Reykjavík

Reykjavík 22. október 2018

Efni: Umsögn um samgönguáætlanir fyrir árin 2019 -2023 og 2019 til 2033.

Á fundi stjórnar Faxaflóahafna sf. þann 19. október s.l. var fjallað um tillögur að þingsályktunum í samgöngumálum. Stjórnin samþykkti neðangreinda umsögn:

Samgönguáætlun fyrir árin 2019 - 2023.

„Stjórn Faxaflóahafna sf. hefur farið yfir tillögu að þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2019 til ársins 2023 og vill af því tilefni koma eftirfarandi á framfæri:

Við stofnun Faxaflóahafna sf. árið 2005 var eitt af markmiðum eigenda að stuðla að gerð Sundabrautar. Greiðar og öruggar samgöngur á milli megin hafnarsvæða fyrirtækisins, Sundahöfn og Grundartanga, er mikilvægur þáttur sem styrkir flutninga til og frá landinu samhliða því að bæta nýtingu lands.

Í fyrirliggjandi samgönguáætlun er tilgreint að ekki sé fjárveiting vegna framkvæmda við Sundabraut, en tekið fram að verið sé að skoða kosti þess að gerð og rekstur Sundabrautar verði samstarfsverkefni ríkis og einkaaðila. Stjórn Faxaflóahafna sf. vekur á því athygli að lega Sundabrautar í aðalskipulagi er þvert í gegnum farmsvæði Sundahafnar sem er megingátt flutninga til og frá Íslandi. Skerðing á farmsvæðinu hefur til lengri tíma neikvæð áhrif á nýtingu svæðisins þar sem 4-6 hektarar lands verða ekki nýtilegir fyrir höfnina auk þess sem þverun svæðisins með vegamannvirki hefði áhrif á innri starfsemi svæðisins. Sundabraut þvert í gegnum farmsvæði Sundahafnar hefði því að mati Faxaflóahafna sf. verulega og neikvæð áhrif á skipulag og þróun Sundahafnar.

Stjórn Faxaflóahafna sf. beinir þeim tilmælum til Alþingis og ráðherra samgöngumála að uppbygging innviða verði forgangsraðað í þágu atvinnusköpunar og öryggis með samgöngubótum frá Reykjavík norður fyrir Hvalfjörð. Að auki telur stjórnin að mikilvægt sé að unnar verði raunhæfar tillögur um legu og gerð Sundabrautar og að sem fyrst verði teknar upp viðræður ríkis, borgar og hagsmunaaðila um hvernig unnt sé að standa að framgangi verkefnisins.“

Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.


„Í tillögu að samgönguáætlun fyrir árin 2019 til 2023 eru tilgreind verkefni til að ná markmiðum varðandi sjálfbærar samgöngur. Þar á meðal er nefnt atriði um rafvæðingu hafna. Faxaflóahafnir sf. hafa í vottuðu umhverfisstjórnunarkefi lagt áherslu á loftslagsmál og þar með talið hvernig megi draga úr útblæstri skipa með auknum landtengingum. Stóra verkefnið í þessu efni er hvernig tengja megi stærrí skip háspennukerfum, en þar er þróunin almennt skammt á veg komin og stofnkostnaður verulegur. Nokkur dæmi er um háspennutengingar í nágrannalöndum okkar, Kanada og Bandaríkjunum, en framlög ríkis og sjóða hafa greitt stærstan hluta kostnaðar við þau verkefni. Af því tilefni vilja Faxaflóahafnir sf. beina því til Alþingis og ráðherra samgöngumála kanni sérstaklega:

- Á hvaða höfnum slíkar tengingar væru raunhæfur kostur.
- Hver kostnaður er við slíkar tengingar.
- Hvernig ríkið og aðrir aðilar hyggjast leggja fjármagn til uppsetningu nauðsynlegs búnaðar.
- Hvernig orkusölu- og dreifingafyrirtæki koma að afhendingu á raforku.
- Hvort og hvernig skylda beri skip að nýta tengingar þar sem þær verða.

Loftslagsáætlun ríkisstjórnarinnar er metnaðarfull, en augljóst að árangur í aukinni landtengingu skipa krefst víðtæks samstarfs margra aðila og forysta stjórnvalda á því sviði forsenda árangurs. Því er mikilvægt að á grundvelli markmiða ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum verði unnið skipulega að verkefninu með skýrri stefnumótun stjórnvalda og framlögum til að standa undir kostnaði við verkefnið. „

Samgönguáætlun fyrir árin 2019 – 2033.

„Í Samgönguáætlun fyrir árin 2019 – 2033 kemur fram að framlög ríkisins til hafna innan grunnnets verði liðlega 9,4 Ma.kr. á tímabili áætlunarinnar. Faxaflóahafna sf. og hafna þess er í fáum orðum getið í áætluninni, en þó tilgreint að fyrirtækið, ásamt þremur öðrum höfnum njóti ekki framkvæmdastyrkja frá ríkinu. Tvær þeirra hafna sem falla utan framlaga ríkisins eru eftir sem áður tilgreindar af ríkinu sem hluti af samevrópska samgöngunetinu. Faxaflóahafnir sf. og áður Reykjavíkurhöfn hafa ekki notið framlaga ríkissjóðs vegna uppbyggingar og framkvæmda grundvallar hafnarmannvirkja og eiga ekki heldur möguleika á framlögum úr evrópusjóðum, sem aðrar hafnir í Evrópu hafa aðgang að. Utan ákvæða 24. greinar hafnalaga eru ekki til staðar reglur sem heimila útilökun hafna frá framlögum ríkisins og á næsta ári tekur gildi reglugerð Evrópuráðsins og Evrópusambandsins þar sem áhersla er lögð á gagnsæjar og sanngjarnar reglur án mismununar í tengslum við fjármögnun hafnargrunnvirkja. Því er þess vegna beint til Alþingis og ráðherra samgöngumála að regluverk á Íslandi varðandi framlög til hafna uppfylli þá skilgreiningu að vera skýrt, sanngjarnt og án mismununar.“

Virðingarfyllst

Gísli Gíslason, hafnarstjóri

Samrit:
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
b.t. Sigurðar Inga Jóhannssonar,
ráðherra
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík